

Sp. **864. Þingsályktun** [141. mál]

um athugun möguleika á byggingu og rekstri flöskuverksmiðju á Íslandi.

(Afgreidd frá Sp. 5. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna, hvort tiltækilegt sé að stofna og reka flöskuverksmiðju á Íslandi.

Meðal annars sé haft í huga við þá könnun, hvort unnt sé að nýta fyrir starfsemi slíkrar verksmiðju að einhverju eða öllu leyti eitthvað af byggingum Síldarverk-smiðja ríkisins, sem nú standa ónotaðar víða um land.